

102. Ársþing UMSS haldið í Húsi frítmans á Sauðárkróki 12. mars 2022

1. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS, bauð gesti velkomna, flutti ávarp formanns og setti þingið. Tilnefndi Garðar Svansson fyrir hönd ÍSÍ sem þingforseta.
2. Þingforseti tók til máls og lagði fram tillögur um ritara og fulltrúa í kjörbréfanefnd.
3. Ritari UMSS flutti skýrslu stjórnar.
4. Framkvæmdastjóri UMSS, fór yfir ársreikninga.
 - a. Þingforseti sagði nánar frá Covid-styrk v. ársins 2020 sem er tilkominn vegna arðgreiðslu frá Lottó.
 - b. Framkvæmdastjóri UMSS sagði nánar frá breyttu fyrirkomulagi skrifstofunnar á Víðigrund. Þangað eru allir velkomnir, allar deildir.
 - c. Spurning vegna styrkja frá Sveitarfélaginu Skagafirði til UMSS. Ritari UMSS svaraði fyrir hönd stjórnar og sveitarfélagsins.
5. Þingforseti fór yfir lögmati fundar. Boðað var til fundarins með lögmeðtimum hætti.
6. Formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréf og mætingu. Formaður las upp fulltrúa sem búnir voru að boða mætingu og bað þá um að staðfesta mætingu. 21 fulltrúi mættur.
 - a. UMFT = 9
 - b. Neisti = 0
 - c. Hjalti = 0
 - d. UMF Smári= 2
 - e. Hestamannafélagið Skagfirðingur = 6
 - f. Golfklúbbur Skagafjarðar = 3
 - g. Bílklúbbur Skagafjarðar = 1.62 áttu rétt á þingsetu, 35 boðuðu komu sína en mættir eru 21.
7. Þingforseti bar ársreikninga upp til samþykktar. Samþykktir samhljóða. Enginn á móti.
8. Þingforseti fór yfir þingtillögur og lagði til að hvert tillögurnar yrðu teknar fyrir.
9. Nefndir tóku til starfa
10. Formaður alsherjarnefndar tók til máls og fór yfir tillögur nefndarinnar.
 - a. Tillögur 1-4, 7 og 10 - 12 lagðar fram án efnislegra athugasemda. Tillögur bornar upp til atkvæða. Allar tillögur samþykktar samhljóða.
11. Hlé gert á dagskrá þingsins og farið í viðburðinn Íþróttamaður Skagafjarðar.
 - a. Lið ársins 2021 = Kvennasveit GSS
 - b. Þjálfari ársins 2021 = Helgi Jóhannesson, Badmintondeild UMFT
 - c. Íþróttamaður Skagafjarðar 2021 = Ísak Óli Traustason, UMFT
12. Ómar Bragi Stefánsson, starfsmaður UMFÍ, tók til máls og veitti starfsmerki UMFÍ.

Þau hlutu:

- a. Ingibjörg Klara Helgadóttir, formaður UMSS 2018-2020.
- b. Jóhannes Þórðarson
- c. Helga Eyjólfadóttir

Gullmerki UMFÍ hlutu:

Gunnar Sigurðsson, ötull er kemur að mótahaldi og þjálfun
Björn Hansen, fyrir ötult og óeigingjarnt starf í þágu UMFT

13. Þingforseti tók til máls og veitti silfur og gullmerki ÍSÍ.

- a. Silfurmerki ÍSÍ hlaut Gunnar Sigurðsson
- b. Gullmerki ÍSÍ hlaut Ómar Bragi Stefánsson

14. Þingforseti tók til máls og dagskrá...

15. Formaður fjárhagsnefndar tók til máls og fór yfir þingtillögurnar sem nefndin fjallaði um. Þingtillaga nr. 5 lögð fram án athugasemda. Þingtillaga nr. 6 lögð fram með talsverðum breytingum, þar sem hagnaður verður kr. 270.000. Tillögur lagðar fram til atkvæðagreiðslu. Tillögur samþykktar samhljóða.

16. Formaður laganefndar tók til máls og fór yfir þingtillögurnar sem nefndin fjallaði um. Tillaga um breytingu á reglugerð um úthlutun afreksmannasjóðs borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða. Tillaga um breytingu á lögum UMSS lögð fram til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

17. Kosningar.

- a. Formaður: Gunnar Þór Gestsson
- b. Stjórn UMSS: Þuríður Elín Þórarinsdóttir, Jóel Árnason og Kolbrún Passaro.
- c. Varastjórn UMSS: Rósa María Vésteinsdóttir, Sigríður Fjóra og
- d. Skoðunarmenn reikninga: Jóhann Sigmarsson og Frímann Guðbrandsson.
- e. Frjálsþróttaráð: Sigurður Arnar Björnsson, Sigurjón Leifsson, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Kolbrún Þórðardóttir og
- f. Afrekssjóður UMSS: Ómar Bragi Stefánsson og Guðrún Helga Tryggvadóttir sem aðalmenn og Þuríði Elín Þórarinsdóttir.

18. Önnur mál:

- a. Ómar Bragi Stefánsson flutti þingi kveðju formanns UMFÍ og sagði frá mótahaldi á vegum UMFÍ á árinu 2022. Þar ber hæst nýtt fyrirkomulag Landsmóts UMFÍ sem haldið verður með nýju sniði að þessu sinni. 50+ mótíð fer fram í Borgarnesi að þessu sinni og Unglingaladsmót fer fram á Selfossi um verslunarmannahelgina. Ómar sagði jafnframt frá ungmennabúðum UMFÍ sem reknar eru á Laugarvatni. Ómar minnti á að UMSS væru mótshaldari ULM 2023 og lagði áherslu á mikil vinna væri framundan og þyrfti að fara af stað n.k. haust.

- b. Þingforseti flutti þingi kveðju framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Þingforseti kom inn á mikilvægi þess að gæta að Íslenskum getraunum og innrás erlendra vefsíða og veðmálafyrirtækja. Sagði frá bættu samstarfi ÍSÍ og UMFÍ, t.d. er til skoðunnar að skrifstofa UMFÍ færist í sama húsnæði og ÍSÍ. Skoraði á stjórn UMSS að hvetja aðildarfélög sín til þess að taka þátt í almennings verkefnum á vegum ÍSÍ. Lagði áherslu á mikilvægi þess að viðkenningar væru veittar tíðar, ekki geyma það undir lok "starfsferils".
- c. Formaður badmintondeildar kom og þakkaði fyrir móttökurnar sem deildin hefur fengið.

19. Formaður UMSS þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir þeirra störf og sleit þingi.